



Framkvæmd borgarstjórnarkosninga 16. maí 2026

Þann 16. maí 2026 fara fram borgarstjórnarkosningar og í Reykjavík verða kosnir 23 borgarfulltrúar til fjögurra ára sem allir munu taka sæti í borgarstjórn. Eftir hverjar borgarstjórnarkosningar kýs borgarstjórn þrjá fulltrúa í yfirkjörstjórn Reykjavíkur sem hefur yfirumsjón með framkvæmd kosninga í Reykjavík skv. kosningalögum nr. 112/2021. Þann 7. júní 2022 kaus borgarstjórn þau Evu Bryndísi Helgadóttur, Tómas Hrafn Sveinsson og Ara Karlsson í yfirkjörstjórn Reykjavíkur og hefur skrifstofa borgarstjórnar starfað með yfirkjörstjórn við undirbúning og framkvæmd borgarstjórnarkosninga ásamt fjölmörgum starfsmönnum sveitarfélagsins og með aðkomu flestra sviða Reykjavíkurborgar.

Í ljósi þess að nú eru tæpir níu mánuðir til kjördags er óskað eftir því að borgarráð feli viðkomandi sviðum Reykjavíkurborgar í samstarfi við skrifstofu borgarstjórnar að hefja vinnu við verkefni sem tengjast kosningunum:

- Áætlaður kostnaður við framkvæmd borgarstjórnarkosninga 16. maí 2026 er að mestu sambærilegur kostnaði við framkvæmd kosninga á árinu 2024 að teknu tilliti til stærra hlutverks sveitarfélagsins við framkvæmd borgarstjórnarkosninga samkvæmt kosningalögum. Gera má ráð fyrir að heildarkostnaður verði u.þ.b. kr. 260.000.000.- og er fjármála- og áhættustýringarsviði falið, í samvinnu við skrifstofu borgarstjórnar, að gera ráð fyrir þeim kostnaði við gerð fjárhagsáætlunar Reykjavíkur 2026. Sviðinu er einnig falið að áætla fyrir þeim kostnaði sem fellur á sveitarfélagið við geymslu kjörgagna milli kosninga. Þá er óskað eftir að sviðinu verði falið að sjá til þess að uppgjöri kosninganna milli sviða Reykjavíkurborgar verði lokið eigi síðar en fjórum mánuðum eftir kjördag.
- Umhverfis- og skipulagssvið fer með lykilhlutverk við framkvæmd kosninga í Reykjavík en skrifstofa framkvæmda og viðhalds setur upp alla 24 kjörstaðina, þ.m.t. utanhússmerkingar og skilti. Sviðið setur upp og tekur niður talningarstað og flytur atkvæði með fulltrúum yfirkjörstjórnar í geymslur að talningu lokinni. Óskað er eftir að borgarráð samþykki að fela umhverfis- og skipulagssviði í samvinnu við skrifstofu borgarstjórnar að hefja nauðsynlegan undirbúning að kjördegi, þar með talið að fara í vinnu með aðgengisfulltrúa Reykjavíkurborgar að því að tryggja að aðgengismál á öllum kjörstöðum uppfylli lagaskyldur.
- Gert er ráð fyrir að 18 kjörstaðir af 24 við næstu borgarstjórnarkosningar verði staðsettir í skólahúsnæði. Óskað er eftir að borgarráð samþykki að fela skóla- og frístundasviði að gera viðeigandi ráðstafanir vegna þessa í samvinnu við skrifstofu borgarstjórnar.
- Gert er ráð fyrir að kjörstaðir verði í Borgarbókasafninu í Kringlunni og á Kjarvalsstöðum. Óskað er eftir að borgarráð samþykki að fela menningar- og íþróttasviði að gera viðeigandi ráðstafanir vegna þessa í samvinnu við skrifstofu borgarstjórnar.
- Gert er ráð fyrir að skrifstofa borgarstjórnar f.h. Reykjavíkurborgar ráði hátt í 200 starfsmenn til að starfa við kosningarnar og að borgarráð skipi um 500 fulltrúa til





setu í hverfis- og undirkjörstjórnunum. Óskað er eftir að borgarráð samþykki að fela mannauðs- og starfsumhverfissviði í samvinnu við skrifstofu borgarstjórnar að gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að tryggja að kosningastarfsfólk, sem vinnur fyrir Reykjavíkurborg í einn dag, sé stofnað í launakerfi með hætti sem kemur í veg fyrir sjálfkrafa stofnun netfanga og útgáfu hugbúnaðarleyfa.

- Allir kjörstaðir í Reykjavík, yfirkjörstjórn, símaver í Ráðhúsi og talningarstaður þurfa tímabundinn tölvubúnað á kjördag. Þá hefur verið rekinn vefur með leiðbeiningum til kjósenda og upplýsingum um kjörsókn. Óskað er eftir að borgarráð samþykki að fela þjónustu- og nýsköpunarsviði í samvinnu við skrifstofu borgarstjórnar að vinna að útfærslu á www.reykjavik.is/kosningar og á uppsetningu og niðurtekt vélbúnaðar og gera tillögu til stafræns ráðs að kostnaði vegna þessa sem endurspegli afnotin.
- Jafnframt er óskað eftir að borgarráð feli öllum ofangreindum sviðum að tryggja að útgefnir reikningar og hver sá kostnaður sem kann að falla á kostnaðarstað kosninga uppfylli eðlilegar formkröfur hvað varðar skýrleika og góða meðferð með opinbert fé.

Virðingarfyllt,
Helga Björk Laxdal
skrifstofustjóri borgarstjórnar



Reykjavík